

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 29.10.2019

**V / framvinda byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar**

Eins og staðan er núna 29.10.2019 er búið að steypa um 93% af áætluðu steypumagni sem fara á í bygginguna, áætlað er steypuvinnu ljúki um 15.nóv. Framvinda á öllu verkinu er um 85%. okt./ nóv.

Áfallin kostnaður vegna byggingarinnar er sem hér segir:

Tímabil	Greiddur kostnaður
Júlí 2018	47,9
Ágúst 2018	50,8
September 2018	120,9
Október 2018	193,1
Nóvember 2018	202,6
Desember 2018	130,4
Janúar 2019	268,4
Febrúar 2019	209,1
Mars 2019	259,1
Apríl 2019	170,9
Maí 2019	309,8
Júní 2019	327,2
Júlí 2019	400,4
Ágúst 2019	243,1
September 2019	260,1

Heildar kostnaður skv. ofangreindu er nú kr. 3.198.578.985,- Verkið er á áætlun miðað við útboð, aukverk hafa verið lítil eða samtals 48,0 milljónir og eru aðallega vegna ófyrirséðra atriða sem snúa að jarðvinnu.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 28. október 2019

**v / stækkun móttökustöðvar – framvinda**

Verktaki (ALEFLI ehf. sem valin var eftir útbod) hóf framkvæmdir þann 22.maí. Jarðvinnu er að mestu lokið, fyrir utan yfirborðsfrágang. Sögun á skástífum er lokið. Lokið var við að steypa sökkla júlí og búið var að steypa um 95% af veggjum. Búið er að steypa 890 m<sup>3</sup> af áætluðu heildarsteypumagni sem verður um 1110 m<sup>3</sup>. Heildar framvinda verks í lok september var miðað við áætlaða stöðu og verkmagn 58%. Framkvæmdir hafa gengið vel og er gert ráð fyrir að lokið verði við að loka byggingu í nóvember. Búið er að greiða reikninga fyrir september.

Botnplatan var steipt í september og var hún 220 m<sup>3</sup>. Nú þegar er kominn fram magnaukningu vegna jarðvinnu sem nemur um 10 miljónum kr. og fyrirséð er að kostnaðarauki verði vegna magnaukningar í bendistáli uppá 2 miljónir kr. og vegna breytinga á innkeyrslu hurðum sem munu kosta 2,5 til 3,5 miljónir. Viðbót í malbikun uppá um 1,5 millj. kr. og stoðveggur sem var ekki inni í upphaflegum magntölum uppá um 2,5 millj. kr hefur einnig bæst við. Ekki eru fyrirsjáanleg frekari magnaukningar á öðrum magnliðum eða stórar breytingar á umfangi verks og gert er ráð fyrir að þekktar magnaukningar rúmist innan kostnaðaráætlunar. Heildarkostnaður verks er áætlaður um 390 miljónir króna án vsk en þar af eru um 10% ófyrirséður kostnaður.

Útlagt vegna verkefnisins er sem hér segir:

Mánuður	Útgjöld, m. kr.
Frá áramótu til lok apríl	31,0
Maí	4,5
Júní	41,5
Júlí	46
Ágúst	45
September	65,3
<b>SAMTALS</b>	<b>233,3</b>

Ofangreindur áfallin útgjöld eru vegna hönnunar, útbods, eftirlits og framkvæmda við byggingu.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri

Til: Framkvæmdastjóra

Frá: Yfirverkfræðingi

Varðar: Móttökuskilyrði á urðunarstað

## Lýsing

Borið hefur á að baggar komi innplastaðir til urðunar á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi. Þannig frágangur er ekki í samræmi við starfsleyfi né reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang (svo úrgangur til urðunar sé *rekjanlegur*). Jafnframt var nýlega úrskurðað að úrgangur sem ekki væri sannanlega rétt flokkaður ætti að flokka sem spilliefni án frekari snúninga.

## Mat

Nú eru allir farmar sjónskoðaðir sbr. grein 4 í starfsleyfi urðunarstaðarins, skjal UST201805-252:

### 4. MOTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

#### 4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs til urðunar skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangur sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Einnig skal skrá uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til urðunar.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs til urðunar er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

#### 4.2 Spilliefni

Rekstraraðila ber «ð tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti, að undanskildum stóðugum, óvirkum spilliefnum sem heimilt er að urða skv. gr. 1.2. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

## Niðurstaða

Nauðsynlegt er að skerpa á vinnulagi við móttöku á böggum úrgangi m.v. núverandi skilmála:

### Skilmálar

Urðunarstaður SORPU í Álfsnesi er stærsti og þróaðasti urðunarstaður landans. Þangað er fluttur úrgangur til urðunar sem og ýmis annar úrgangur til endurnýtingar, t.d. steinefni og sláturúrgangur.

Úrgangur skal vera flokkaður við skrá urðunarstaðar í samræmi við móttökuskilyrði.

Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (tí/kg), samkvæmt gæðskrá.


Serstatk ólagsgjöld, 30% af gjaldkveðna formis, að lágmarki 4237,00 kr. er lagt á af úrgangur og/öðru afhendingar ekki í samræmi við móttökuskilyrði.

Ekki er tekið á milli lykta mængd úrgangurinn móttöku fyrir barni (Gymis) eftir kl. 12:00.

Teikið er við úrgang gegn staðgreiðu eða gegn framvisun viðskiptakorts. Afturboðugjöldin urðunarstaðar í Álfsnesi er að lágmarki 3326,00 kr. með vsk.

Sækja um viðskiptakort.

Legg til að við skilmála bætist eftirfarandi setning eftir setningu 2u „...móttökuskilyrði.“ **Ekki er tekið við innplöstuðum böggum til urðunar.**

Virðingarfyllst,  
  
Bjarni Hjarðar, yfirverkfræðingur



## MINNISBLAÐ

Gylfaflöt 31. október 2019

v/ gjaldskrár

Vegna breytinga á samningum við erlenda birgja um móttöku á plasti til endurvinnslu/endurnýtingar er þörf á að breyta gjaldskrá SORPU bs. fyrir ákveðin endurvinnsluefni. Eftirfarandi breytingar taki gildi frá og með 10. nóvember næstkomandi:

Nr.	Flokkur	Nýtt verð		Var kr/kg með vsk
		kr/kg án vsk	kr/kg með vsk	
14015	<b>Afskurður – bylgjupappi</b> Baggaður bylgjupappaafskurður > 500 kg/bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt sérstöku samkomulagi	4,44	5,50	5,00
14022	<b>Dagblöð og tímarit</b>	4,03	5,00	4,00
14023	<b>Afskurður – sléttur pappi</b> Baggaður sléttur pappi >500 kg/bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt nánara samkomulagi	-2,66	-3,30	-4,30
14010	<b>Filmuplast – ólitað/óáprentað</b> , umbúðir sem bera úrvinnslugjald 0 – 125 kg á mánuði 126 – 250 kg á mánuði 251 – 375 kg á mánuði 376 kg og yfir á mánuði Baggað filmuplast >500 kg /bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB Útflutningshöfn skv. nánara samkomulagi	0,00 -4,03 -4,84 -5,24 -8,06	0,00 -5,00 -6,00 -6,50 -10,00	0,00 -10,00 -11,00 -11,50 -15,00
14020	<b>Filmuplast – litað / áprentað</b> , umbúðir sem bera úrvinnslugjald	4,84	6,00	4,00
14027	<b>Blanda af plastumbúðum og plasti án úrvinnslugjalds (&gt;80% umb.) til endurvinnslu</b> Minna en 500 kg mánuði 501 – 1.000 kg á mánuði 1001 kg og yfir á mánuði Endurgreiðsla á sér stað í lok mánaðar og er forsenda að viðskipti séu skráð á kennitölu. Annars er úrgangsflokkur gjaldfráls	12,00	14,88	-8,93 -11,90 -14,88
14028	<b>Blanda af plastumbúðum og plasti án úrvinnslugjalds (&gt;20% umb.) til endurvinnslu</b>	15,00	18,60	15,50
14013	<b>Plast án úrvinnslugjalds</b>	27,94	34,64	32,88

Gjaldflokkur 14027 breytist þá þannig að í stað endurgreiðslu verður um móttökugjald að ræða óháð magni.

Dreifing: Deildarstjórar, Stjórn SORPU



SORPA bs.  
b.t. Björns H. Halldórssonar, framkvæmdastjóra  
Gylfaflöt 5  
112 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2019

**Varðar:** Notkun á metani

Á fundi stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) þann 16. september sl. var erindi þitt dags. 19. ágúst 2019 tekið til umfjöllunar og undirrituðum falið að svara því.

Sérstaða starfsemi SHS gerir það að verkum að möguleikarnir til þess að nýta metan á bifreiðar þess er takmörkuð.

Áhugi okkar á metani sem eldsneyti á bifreiðar SHS er vissulega fyrir hendi í þeim tilfellum þar sem metanbifreiðar geta leyst verkefni liðsins og höfum við nú þegar tvær metanbifreiðar í notkun fyrir minni verkefni.

Það er von okkar að í framtíðinni muni framboð aukast á slökkvibifreiðum sem framleiddar eru m.t.t. nýtingar á vistvænu eldsneyti, s.s. metani. Það mun auðvelda okkur að stíga skrefið til fulls.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,  
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.





Alþingi  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 9. október 2019

**Varðar: Umsögn um frv. mm forsendur fjárlaga, 2. mál (drög)**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 20 september sl., þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020, 2. mál.

Umsögn SORPU er bundin við eitt ákvæði frumvarpsins þ.e.a.s. um nýjan skatt sk. urðunarskatt.

**Urðunarskattur**

SORPU er kunnugt um umsögn Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Að auki vill SORPA benda á eftirfarandi atriði:

Urðunarskattur hefur komið til tals í stjórnsýslunni nokkrum sinnum undanfarin ár án þess að hann hafi raungerst. Nú bregður svo við að skella á skatti á urðunarstaði án nokkurs undirbúnings og verður að telja það ámælisverð vinnubrögð. Setja á skattinn á um næstu áramót án þess að annað sé fullmótað en upphæð skattsins. Því er lítil tími til undirbúnings eða viðbragða og mætti jafnvel ræða um eignaupptöku í samhenginu.


Urðunarskattur hefur verið lagður á í nokkrum löndum Evrópu (alls ekki öllum) og í nokkrum tilvikum aflagður. Finna má samandregnar upplýsingar um fyrirkomulag urðunarskatts í skýrslu frá Umhverfisstofnun Evrópu („European Environment Agency“)<sup>1</sup>. Í umræddri skýrslu er m.a. tiltekið um upphæð urðunarskatts í hverju ríki. Í þeirri samantekt frá 27 ríkjum eru 9 ríki þar sem ekki er urðunarskattur eða 33% ríkjanna. Meðal upphæð urðunarskatts er 4,93 kr/kg<sup>2</sup> í þeim ríkjum þar sem urðunarskattur þekktist. Í tveimur ríkjum og héruðum, Flanders í Belgíu og Hollandi er urðunarskatturinn yfir 10 kr/kg en í öllum öðrum ríkjum er skatturinn á bilinu 0,48 kr/kg til 8,91 kr/kg. Sé hæsti urðunarskatturinn tekinn burt er meðaltal allra ríkjanna 4,38 kr/kg. Því er með hreinum ólíkindum að lagt sé til að urðunarskattur verði 15 kr/kg! Verði sá skattur lagður á þýðir það 62% hækkun á urðunargjaldi hjá SORPU bs. Því gjaldi verður ekki mætt öðru vísi en með hækkun á gjaldskrá sem þá bæði íbúar og fyrirtæki þurfa að greiða. Sá urðunarskattur sem lagður er til er þá 204% hærri en meðaltal þeirra 18 Evrópuríkja sem eru með urðunarskatt (í raun 349% yfir meðaltali allra ríkjanna). Undirritaður dregur mjög til efs að höfundar frumvarpsins hafi á einhverjum tímavarki kynnt sér staðreyndir um urðunarskatt í Evrópu og tilurðu skattsins sem hafði ekkert með endurvinnslu að gera þegar til hans var fyrst stofnað.

<sup>1</sup> „Typical charge (gate fee and landfill tax) for legal landfilling of non-hazardous municipal waste in EU Member States and regions“ lífandi skjal sem má finna á <https://www.eea.europa.eu/downloads/dae3e670bcea42c78b8f04f70abe620d/1363680110/typical-charge-gate-fee-and.pdf>

<sup>2</sup> Miðað við gengi evru 137

Því er haldið fram í greinargerð með frumvarpinu að *álagning urðunarskatts leiði til meiri endurvinnslu*. Þar sem fyrir liggja upplýsingar í umræddri skýrslu um árangur í endurvinnslu hvers lands er einfalt að gera tölulega greiningu á þeim upplýsingum.


Samband urðunarskatts, endurvinnslu og urðunar MSW



Mynd 1. Samband urðunarskatts, endurvinnslu og urðunar á heimilisúrgangi (MSW).

Mynd 1 sýnir svo ekki verður um villst, að ekkert samband er hægt að finna milli upphæðar urðunarskatts og endurvinnslu í þeim 27 ríkjum sem eru skoðuð. Fylgnistuðull endurvinnslu er 0,35 og fylgnistuðull urðunar er 0,41. Í báðum tilvikum langt undir einhverjum vísbendingum um samband þar á milli. Ef þau lönd sem engan skatt hafa eru fjarlægð (sjá mynd 2) breytir það litlu sem engu í fylgni milli breyta, sem túlka verður þannig að **sú fullyrðing að endurvinnsla aukist með urðunarskatti standist enga skoðun**.

Samband urðunarskatts, endurvinnslu og urðunar MSW  
(án landa með engan skatt)




Mynd 2. Samband urðunarskatts, endurvinnslu og urðunar á heimilisúrgangi (MSW) meðal landa er hafa urðunarskatt.

Í ljósi ofangreindra mynda og greiningar er áhugavert að skoða hvort hægt sé að lesa út eða greina hvort aðrir þættir hafi áhrif á magn úrgangs til endurvinnslu og/eða urðunar.



### % af MSW urðað



Mynd 3. Samband hlutfalls urðunarskatts af hliðgjaldi og hlutfall urðunar á heimilisúrgangi.

Mynd 3 sýnir hlutfall urðunarskatts af hliðgjaldi (inn á urðunarstaði, lægsta og hæsta hlutfalli sleppt) og hlutfall urðaðs heimilisúrgangs. Augljóslega er hér heldur ekkert samband. Fylgnistuðull er 0,14 þ.e.a.s. ekkert samband. Því eru engar sönnur fyrir því að hlutfall urðunar sé lægra í þeim löndum þar sem urðunarskattur hefur verið lagður á.

Áhugavert getur hins vegar verið að skoða aðra þætti eins og t.d. brennsluskatt sem líka tíðkast í nokkrum Evrópulöndum. Í skýrslu frá 2016<sup>3</sup>, er skoðað á EES-svæðinu (alls 32 lönd) samspil stjórnvaldsaðgerða (urðunarskattur hærrí en 4,2 kr./kg., brennsluskattur, bann við urðun á ómeðhöndluðum lífrænum úrgangi, skylda til sérsöfnunar á lífrænum úrgangi og svonefnd sáborgar-er-veldur kerfi<sup>4</sup>) við hlutfall heimilisúrgangs (og sambærilegs úrgangs) sem er endurnýttur (ásamt fleiri þáttum) byggt á gögnum fyrir árin 2004 og 2014. Á árinu 2014 var endurvinnsluhlutfall að meðaltali í löndum ESB 34% og Ísland var með endurvinnsluhlutfallið 30% og án efa spilaði framleiðsla SORPU á ökutækjaeldsneyti úr söfnuðu hauggasi á urðunastaðnum í Álfsnesi stóran þátt.

Þau lönd sem voru með bæði urðunarskatt og brennsluskatt náðu 48,5% endurvinnsluhlutfalli meðan þau sem voru einungis með urðunarskatt voru með 39,5% og með einungis brennsluskatt 42,8%. Lönd með bann við urðun á virkum úrgangi voru með 44,6%, þau með borgar-sá-er-veldur fyrirkomulag 39,9% og þau með skyldu á sérsöfnun<sup>5</sup> á lífbrjótanlegum úrgangi 38,7%.

Ef litið er til muns á milli hópa eftir stjórnvaldsaðgerðum var hann marktækt meiri fyrir aðgerðirnar bann við urðun virks úrgangs, borgar-sá-er-veldur og urðunar- og brennsluskatt annars vegar á móti urðunarskatti, brennsluskatti og sérsöfnun lífbrjótanlegs úrgangs hins vegar.

Gögn í skýrslunni sýna fram á að skattur á eina gerð förgunar (hvort sem er urðunarskattur eða brennsluskattur) er ómarkviss aðgerð, **naudsynlegt er að skattur á brennslu sé settur samtímis skatti á urðun** (annars leita aðilar lausnar án skatts) og jafnvel að hafa hann hærrí en urðunarskatt. Einnig er skýr vísbending um að *takmörkun* á urðun lífræns og/eða lífbrjótanlegs úrgangs sé

<sup>3</sup> Eurostat, 2016a; EA of Iceland, 2016 (recycling and landfill rates); ETC/WMGE, 2016.

<sup>4</sup> Pay as you throw


<sup>5</sup> Rétt er hafa í huga í þessu sambandi að „sérsöfnun“ þýðir ekki sér ílát/tunna við hvert heimili.



skynsamleg aðferð því hagkvæmt virðist að varðveita orku og næringarefni með vinnsluferlum í gas- og jarðgerðarstöðvum í stað brennslu (á lífbrjótanlegu efni og vatni).

Í skýrslunni má sjá að lítil sem engin fylgni er milli magns blandaðs heimilisúrgangs og skylds úrgangs (MSW) á íbúa og þess hve mikið af honum er endurunnið.

#### MSW endurrunnið (e. recycled) af heildarmagni á íbúa



Mynd 4. Samband magns heimilisúrgangs og hlutfall endurvinnslu á heimilisúrgangi.

Myndin sýnir að endurvinnsluhlutfall á heimilisúrgangi er ekki skýrt eitt og sér með magni hans á íbúa. Ætla má að þau samfélög sem búa til mestan úrgang séu þau sem mest tækifæri hafa til endurvinnslu. Draga má þá ályktun að sú aðgerð að standa einungis fyrir *hærrí kostnaði* við meðhöndlun úrgangs (svo sem skattur á eina tegund förgunar neðst í úrgangspríhryrningum) sé ekki merkilegt stjórnæki eitt og sér, heldur er líklega nauðsynlegt að *draga úr úrgangsmyndun og eiga lausnir á öllum stigum úrgangspríhryrningsins*.

Af ofangreindri umfjöllun má ráða að urðunarskattur einn og sér breytir engu um aukna endurvinnslu en hins vegar að ef lagður er á *urðunarskattur OG brennsluskattur* þá bendir það til þess að með skattlagningu sé hægt að auka endurvinnslu. Hins vegar háttar þannig til hér á landi að einungis ein lítil brennslustöð er starfandi og því mundi slíkur brennsluskattur missa marks. Hins vegar mundi slíkur skattur á efni til brennslu erlendis væntanlega skila sama árangri og brennsluskattur í öðrum löndum.

#### Bein kostnaðarleg áhrif.

Eins og áður hefur komið fram þá mun urðunarskattur upp á 15 kr/kg þýða 62% hækkun á gjaldi til urðunar sem kemur fram sem auknar álögur á sveitarfélög. Um verulega íþyngjandi aðgerð er að ræða gagnvart íbúum og fyrirtækjum á starfssvæði SORPU, sérstaklega í ljósi þess að engir innviðir eru til að taka við því sem íbúar og fyrirtæki vildu koma úr urðun. Bent hefur verið á að hægt sé að mæta þessu með útflutningi úrgangs. Í því sambandi er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Skv. stefnu Evrópusambandsins skal leitast við að leysa úrgangsmál eins nálgæt uppruna og hægt er
- Fjármunir þurfa að fylgja efnum erlendis til brennslu – þeir fjármunir verða ekki nýttir til uppbyggingar lausna hér á landi

- Veruleg áhætta fylgir útflutningi og ætti lokun Kínverja á móttöku pappírs, pappa og plasts að vera nærtækt og skýrt dæmi um slíka áhættu. Hollendingar lokuðu á móttöku úrgangs til brennslu í sumar sem leið og má eins búast við að slíkt verði algengara en ella m.a. í ljósi þess að brennslugeta/afkastageta brennslustöðva í Evrópu nálgast mjög fullnaðarafköst. Hvert er þá plan B?
- Í Hollandi og mörgum öðrum Evrópulöndum er umræða um innflutningsskatt á úrgang til brennslu - ef af slíku verður munu Íslenskir neytendur og fyrirtæki greiða til samneyslu í öðrum löndum.
- Færa má rök fyrir því að ef um stórfelldan útflutning á úrgangi til brennslu verður að ræða, tapi íslenska ríkið umtalsverðum fjármunum þegar fram í sækir – í það minnsta þeim virðisauka sem gæti orðið hér á landi með nýjum innviðum og breyttri meðhöndlun. Urðunarskattur gæti því haft þær afleiðingar að ríkið yrði af tekjum til framtíðar
- Urðunarskattur mun ekki einungis hækka kostnað vegna úrgangs til urðunar heldur einnig vegna annars úrgangs. Markaðurinn mun „laga“ sig að aðstæðum og nýta tækifærið til hækkana á allri meðhöndlun
- Meintur ávinningur af brennslu úrgangs erlendis kemur íslensku samfélagi ekki til góða. Sá reginmunur er á brennslu og endurvinnslu að endurunninn úrgangur getur ratað til baka í formi vöru – það gerir varmi eða rafmagn ekki
- Við brennslu á t.d. plastefnum verður útblástur gróðurhúsalofttegunda á sama hátt og ef brennd væri olía, gas eða kol. Allsendis er óvíst að viðtökuland íslensks úrgangs sætti sig við að barátta gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda í heimalandinu verði síðan eyðilögð með brennslu úrgangs frá Íslandi.

SORPA tók til urðunar á árinum 2018 alls um 140.000 tonn en þar af eru um 32.000 tonn úr grárrí tunnu íbúa og um 21.000 tonn frá endurvinnslustöðvunum. Bein útgjaldaaukning íbúa vegna þessa gæti því orðið 795 milljónir ári. Þessum kostnaði yrði að velta yfir á íbúa í auknum gjöldum vegna sorphirðu – engin leið er að tengja saman það sem hver íbúi lætur til urðunar og urðunarskatt. Þessi skattur gæti því aldrei orðið til annars en aukagjald á hvern íbúa óháð magni til urðunar (nefskattur).

Atvinnulífið á höfuðborgarsvæðinu þyrfti svo að bera kostnað vegna um 108.000 tonna eða 1.620 Mkr. – það gjald mun síðan með einhverju móti rata upp úr veski íbúa höfuðborgarsvæðisins.


SORPA ásamt sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, eru að undirbúa nýja gas- og jarðgerðarstöð sem taka mun lífrænan hluta heimilisúrgangs til endurvinnslu og endurnýtingar. Verkefninu er aðallega ætlað að draga úr urðun á lífrænum úrgangi. Því skýtur það skökku við, að sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu skuli nú refsað með urðunarskatti fyrir eitt stærsta verkefni á sviði úrgangsméðhöndlunar sem ráðist hefur verið í hér á landi. Ríkið leggur ekkert til verkefnisins og hefur aldrei gert og hefur engin útgjöld af úrgangi nema sem kaupandi þjónustu. Það er því mjög sérstakt að tillögur um urðunarskatt skuli gera ráð fyrir að hann lendi í ríkissjóði í stað þess að lenda hjá sveitarfélögunum sem sannanlega hafa kostnað af þessu lögbundna verkefni. Nær væri að urðunarskattur, ef af honum verður renni alfarið til sveitarfélaganna og þá til uppbyggingar verkefna á sviði úrgangsmála. Sjá má dæmi um slíka útfærslu t.d. í Bretlandi ( sjá <https://www.entrust.org.uk>). Í ljósi þess að um úrgangs- og umhverfismál er að ræða er þess farið á leit við Alþingi að umhverfis- og samgöngunefnd fái málið til umfjöllunar en ekki einungis efnahags- og viðskiptanefnd.



## Niðurlag

Það virðist augljóst af umfjöllun hér að framan að tilgangur hugmynda um urðunarskatt er ekki verndun umhverfisins eða aukning í endurvinnslu eða endurnotkun. Tilgangurinn virðist heldur ekki vera að minnka úrgang – til þess er urðunarskattur lélegt stjórntæki eins og dæmin sanna. Því leggst SORPA alfarið gegn þessum hugmyndum um urðunarskatt.

Virðingarfyllt,  
f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 9. október 2019

1908029SA GB  
Málalykill: 00.64

### Efni: Umsögn um frv. um forsendur fjárlaga, 2. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020, 2. mál.

#### Fyrri aðkoma sambandsins að málinu

Umsögn þessi er einskorðuð við tiltekin ákvæði frumvarpsins sem fjalla um nýjan skatt, urðunarskatt. Sambandinu var gefinn kostur á því að koma að ábendingum við þann hluta frumvarpsins áður en það var lagt fram á Alþingi og lagðist sambandið eindregið gegn frumvarpinu, eins og segir í umsögn dags. 28. ágúst sl.:

*Líkt og áður segir telur Samband íslenskra sveitarfélaga að frumvarpið sé ótímabært, óútfært og án nauðsynlegrar tengingar við stefnumótun í úrgangsmálum og loftslagsmálum.*

*Sambandið leggst því eindregið gegn því að frumvarp um urðunarskatt verði lagt fram á haustþingi og kallar eftir víðtæku samráði um mögulega útfærslu slíkrar skattheimtu áður en ákvörðun er tekin um lagabreytingar.*

Ekkert tillit var tekið til athugasemda sambandsins áður en málið var lagt fram á þingi. Sem dæmi má nefna að ekki er gert ráð fyrir neinum aðlögunarfresti gagnvart þessum nýja skatti og verður rekstraraðilum urðunarstaða því gert skylt að standa skil á skattinum til ríkissjóðs frá næstu áramótum. Þetta er með öllu óásættanlegt.

#### Reynsla af lögum um umhverfis- og auðlindaskatta

Reynslan af lögum nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta styður við hina vel þekktu alhæfingu að skattar sem einu sinni eru komnir í lög verði ekki auðveldlega felldir úr gildi. Upphaflegt markmið laganna var að stuðla að tekjuöflun ríkissjóðs eftir efnahagshrunið árið 2008. Lögin áttu að gilda í þrjú ár og falla úr gildi í árslok 2012. Í umsögn um frumvarp sem varð að lögum nr. 129/2009 gagnrýndi sambandið sérstaklega að í II. kafla laganna er lagður umhverfisskattur á endurvinnanlegar náttúruauðlindir vegna sölu á raforku og heitu vatni. Í umræddum lögum eru engin ákvæði um að tekjum af tekjuöflun ríkisins með umhverfis- og auðlindasköttum verði ráðstafað í þágu umhverfismála og varðveislu auðlinda. Markmið lagasetningarinnar á sínum tíma var enda eingöngu að auka tekjur ríkisins.

Rúmum áratug síðar er þessi skattlagning á heitt vatn enn í gildi en skattlagning á raforkusölu féll úr gildi í árslok 2015. Sambandið áréttar fyrri afstöðu sína til



Þessarar lagasetningar og leggur til að II. kafli laganna falli brott, þannig að skattheimtu ríkisins verði hætt af þeirri almannajónustu sem hitaveitur veita.

Sömu röksemdir eiga fyllilega við um það frumvarp sem hér er til umsagnar. Engir einkaaðilar eiga eða reka urðunarstað og er því með urðunarskatti verið að skattleggja almannajónustu sem sveitarfélög veita og ríkisvaldið hefur engan kostnað af. Slíkri skattlagningu á opinbera þjónustu er harðlega mótmælt fyrir hönd sveitarfélaga.

Þar við bætist að á þessu stigi er með öllu óljóst hvernig ætlunin er að innheimta skattinn af úrgangshöfum, þ.e. heimilum og fyrirtækjum. Áður en yfirleitt kemur til álita að setja lög sem skyldar rekstraraðila urðunarstaða til að innheimta skattinn hlýtur að þurfa að skýra nánar hvernig þessi skattheimta verði útfærð í úrgangskeðjunni. Sem dæmi hlýtur að þurfa að svara þeirri spurningu hvort sveitarfélögum og úrgangsfyrirtækjum, sem hirða úrgang frá heimilum og lögaðilum, sé heimilt að leggja urðunarskatt ofan á sorphirðugjöldin sem þau innheimta af þeim sem þjónustunnar njóta. Vert er að benda á að ekki er til staðar búnaður til að vega þann úrgang sem til fellur frá hverju heimili eða rekstraraðila.

#### **Almennt um urðunarskatt**

Hugmyndir um urðunarskatt eru ekki nýjar af nálinni. Tæpt hefur verið á hugmyndum um slíka skattlagningu af hálfu núverandi ríkisstjórnar, m.a. í drögum að aðgerðaáætlun um loftslagsmál og í drögum að stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem fram er lögð til umsagnar tillaga að lögfestingu slíkrar skattlagningar.

Markmið skattlagningar koma fremur skýrt fram í skýringum við frumvarpið og er tilgangurinn sagður sá að draga úr urðun úrgangs. Í frumvarpinu kemur hins vegar engin sýn fram um það hvernig aðrar aðgerðir en skattlagning muni stuðla að framgangi þessa markmiðs og er það gagnrýnt harðlega af hálfu sveitarfélaga. Áréttuð er sú afstaða sambandsins að:

*Forsenda þess að sambandið geti stutt lögfestingu urðunarskatts er að sú tekjuöflun renni beint til verkefna sem hafa það að markmiði að draga úr förgun úrgangs.*<sup>1</sup>

#### **Reynslan af urðunarskatti í Evrópuríkjum**

Fjárhæð urðunarskatts er mun hærri í því frumvarpi sem hér er til umsagnar heldur en almennt þekkist, líkt og ítarlega er rakið í umsögn SORPU bs. um frumvarpið. Verði frumvarpið að lögum verður það því mjög íþyngjandi fyrir þá sem greiða skattinn.

Samkvæmt upplýsingum sem sambandið og SORPA bs. hafa aflað um reynsluna af framkvæmd urðunarskatts virðist ekki vera marktækur munur á endunýtingar- og endurvinnsluhlutfalli í ríkjum þar sem urðunarskattur er lagður á og ríkjum þar sem ekki er lagður á urðunarskattur. Þetta hlýtur að vera umhugsunarefni og grafa undan þeim röksemdum frumvarpshöfunda að álagning urðunarskatts hafi ein og

---

<sup>1</sup> Umsögn dags. 4. október 2018 um drög að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

sér áhrif á það hvort úrgangur er sendur til urðunar. Vísar sambandið aftur til ítarlegrar umfjöllunar í umsögn SORPU bs. hvað þetta varðar.

Í reynd virðist sá veruleiki blasa við að skatturinn muni hafa þau áhrif að útflutningur á úrgangi til brennslu muni aukast verulega. Hljóta stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga að þurfa að taka afstöðu til þess hvort sú niðurstaða sé ásættanleg, í umhverfislegu, fjárhagslegu og samfélagslegu tilliti. Afstaða Sambands Íslenskra sveitarfélaga er alveg skýr um að ríki og sveitarfélög ættu frekar að snúa bökum saman til að tryggja örugga og hagkvæma meðhöndlun úrgangs innanlands.

### Nánar um markmið frumvarpsins

Hiklaust á að gera kröfu um að útfærsla á nýrri skattlagningu hljóti vandað samráðsferli enda er um að ræða mál sem snertir fjölmarga aðila. Óeðlilegt er að veita afslátt af þeim kröfum sem almennt eru gerðar vegna lagafrumvarpa, en með því að leggja frumvarpið fram í formi bandorms með frumvarpi til fjárlaga fór málið ekki í samráðsferli í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Gerð er alvarleg athugasemd við þá málsmeðferð.

Í 20. gr. draganna kemur fram að markmið urðunarskatts sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að samdrætti í urðun úrgangs með umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Að áliti sambandsins stuðlar frumvarpið ekki nema að takmörkuðu leyti að því markmiði. Einnig geti það mögulega valdið neikvæðum umhverfisáhrifum, aukið smithættu og haft neikvæð áhrif á ímynd Íslands í umhverfismálum. Fyrir því eru færðar eftirfarandi ástæður:

1. Í ESB-ríkjum myndi slík innviðauppbýgging til úrgangsmeðhöndlunar hljóta verulega styrki úr uppbyggingarsjóðum ESB (e. Structural Funds) auk mögulegra ríkisstyrkja. Hér á landi er aðkoma ríkisins að verkefninu engin. Staðreyndin er að ríkisvaldið hefur engan kostnað af meðhöndlun úrgangs og því vandséð hvers vegna slíkur skattur á að renna í ríkissjóð. Ef einhver alvara væri í markmiðsgrein frumvarpsins ættu að koma fram í því áform um að tekjuöflun ríkisins af urðunarskatti verði varið til þess að niðurgreiða slíkar úrgangslausnir og stuðla að nýsköpun. Engin fyrirheit eru hins vegar gefin um slíkar niðurgreiðslur í frumvarpstexta eða skýringum.
2. Urðunarskattur getur unnið á móti þeirri uppbyggingu sem farin er af stað í bættri úrgangsstjórnun. Hlutur úrgangs hefur verið áætlaður um 8% í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda fyrir allt Ísland<sup>2</sup>. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru nú að vinna að því að byggja gas- og jarðgerðarstöð til meðhöndlunar á lífrænum úrgangi og blönduðum heimilísúrgangi. Í nýlegri skýrslu Umhverfistofnunar<sup>3</sup> til ESB er áætlað að losun frá úrgangi muni dragast saman um 32 kt. frá 2015 til 2035, eða um rúmlega 10%. Þessi áætlaði samdráttur í losun skýrist eingöngu af nýju gas- og jarðgerðastöðvarinnar í Álfsnesi enda er hún eina aðgerðin sem gert er ráð fyrir í framreikningnum. Eðlilegt væri að sveitarfélögin nytu fyrirgreiðslu

<sup>2</sup> Umhverfisstofnun. (2019). *National Inventory Report*. United Nation Framework Convention on Climate Change.

<sup>3</sup> Umhverfisstofnun. (2019). *Report on policies, measures and projections*. United Nation Framework Convention on Climate Change.



af hálfu ríkisins vegna þessarar aðgerðar en því er ekki að heilsa. Eins og málið horfir við sveitarfélögum verða þau væntanlega knúin til þess, þrátt fyrir stórbætta meðhöndlun úrgangs, að innheimta urðunarskatt hjá öllum heimilum, þ.m.t. þau heimili sem standa sig vel við úrgangsflokkun.

3. Jafnframt verður að skoða hvernig skattlagningin samræmist fyrirætlunum um bann við urðun sem kemur fram í drögum að stefnu ráðherra í úrgangsmálum og hvort þörf sé á báðum aðgerðum, þ.e. annars vegar banni við urðun og hins vegar skattlagningu. Í stefnudrögum kemur ekki fram nein afstaða til þess hvort útflutningur úrgangs til meðhöndlunar sé æskilegur. Telja má fullvíst að áhersla á útflutning orki tvímælis út frá umhverfissjónarmiðum og almenningsáliti hér á landi og í öðrum löndum og hlýtur að þurfa að fara fram opinskátt samtal milli stjórnvalda og almennings um hvort sú niðurstaða sé ásættanleg í umhverfislegu, samfélagslegu og efnahagslegu tilliti.
4. Utan höfuðborgarsvæðisins er einnig mikil þörf fyrir innviðauppbyggingu, þar sem m.a. þarf að horfa til þess að tryggja örugga förgun sóttmengaðs úrgangs. Mjög takmörkuð úrræði eru til slíkrar förgunar í dag þar sem hér er einungis ein brennslustöð starfandi og annar hún alls ekki förgun alls sóttmengaðs úrgangs. Líkt og áður er getið er það forsenda þess að sambandið geti stutt lögfestingu urðunarskatts að markmiði slíks frumvarps sé að tryggja örugga förgun úrgangs og að lagasetning stuðli sannanlega að því markmiði.
5. Í umsögn sambandsins um drög að stefnu ráðherra í úrgangsmálum er eindregið lagst gegn því að urðunarskattur verði lagður á sóttmengaðan úrgang, til að stuðla að öruggri og lögmætri förgun slíks úrgangs. Ráðuneyti umhverfismála hefur ítrekað skipað starfshópa til að fjalla um lausnir í þeim efnum og einnig hefur Eftirlitsstofnun EFTA knúið á um úrbætur. Afstaða sveitarfélaga er og hefur verið sú að óraunhæft sé að sveitarfélögin leysi þennan vanda fyrir landið í heild án aðkomu ríkisins. Á fundi sem fulltrúar sambandsins áttu með umhverfis- og auðlindaráðherra 8. október sl. kom fram vilji beggja aðila til að vinna hratt að því að leysa þennan vanda.
6. Óvirkur úrgangur veldur ekki útstreymi gróðurhúsalofttegunda, enda er um að ræða úrgang sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega. Sambandið leggur því til að horfið verði frá áformum um að leggja urðunarskatt á óvirkan úrgang enda óljóst hvaða áhrif slík skattlagning hefði að því frátöldu að auka lítillaga skatttekjur ríkissjóðs. Sú tekjuaukning er þó óveruleg, eða einungis um ein milljón króna á ári, og blasir við að að kostnaður við innheimtuna verði hærri en tekjur. Jafnframt er líklegt að flestir urðunarstaðir sem taka við óvirkum úrgangi séu án vigtunarbúnaðar og myndi skattheimta því kalla á fjárfestingu af hálfu rekstraraðila þeirra.
7. Nokkrar líkur eru á því að skattlagning vegna urðunar óvirks úrgangs hefði óheppileg umhverfisáhrif vegna hættu á að slíkum úrgangi verði afsettur ólöglega úti í náttúrunni í stað þess að farga honum á urðunarstað eða annars staðar þar sem starfsleyfi er fyrir slíkri móttöku. Þótt 0,5 kr. skattur á hvert kíló slíks úrgangs virðist ekki vera íþyngjandi er magn slíks úrgangs

yfirleitt talið í bilförmum. Hafa verður í huga að möguleikar til að farga óvirkum úrgangi löglega í landfyllingar og haugsetningu eru ekki óþrjótandi, en slík förgun verður væntanlega ekki skattandlag. Einnig er tilefni til þess að spyrja hvort slíkur eðlismunur sé á urðun slíks úrgangs og haugsetningu hans að réttlæti skattlagningu á annan farveginn umfram hinn.

### **Óljós skattfrankvæmd**

Sambandið telur nauðsynlegt að fram komi nánari skýringar á því hvernig rekstraraðilar urðunarstaða eiga að fara að því að innheimta skattinn og bendir á að það getur verið erfiðleikum bundið að innheimta skattinn „samkvæmt vigt“ í öllum tilfellum eins og gert virðist ráð fyrir í frumvarpinu. Stefna ætti einnig að því að tryggja að mismunandi söfnunarleiðir sveitarfélaga leiði ekki til mismunandi niðurstöðu hvað varðar skattlagningu að hálfu ríkisins.

Innheimta skattsins getur orðið flókin og skammur tími er til stefnu því gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2020. Ljóst má vera að kostnaður rekstraraðila urðunarstaða verður enn meiri en ella ef þeim er ekki ætlaður neinn frestur til að laga sig að þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar, s.s. með breytingum á tölvukerfum.

Ekki virðist gert ráð fyrir því að rekstraraðilar fái umsýsluþóknun. Vert er að benda á að í 23. gr. úrgangslaga er gerð krafa um að gjaldtaka fyrir förgun úrgangs standi undir öllum kostnaði við meðhöndlun úrgangs. Munu sveitarfélög sem reka urðunarstaði því þurfa að hækka þjónustugjöld sín til að mæta þessum nýja kostnaði. Einnig hljóta gjaldskrár að hækka til að bregðast við aukinni óhagkvæmni í rekstri urðunarstaða, sbr. umfjöllun um óbein áhrif fyrirhugaðrar lagasetningar. Vert er þó að fara vandlega yfir það við umfjöllun um frumvarpið hvort lagaheimild sé til þess að velta þessum skatti yfir á úrgangshafa, þ.e. heimili og lögaðila.

Líkt og bent var á í umsögn sambandsins um drög að stefnu í úrgangsmálum berst úrgangur til meðhöndlunar eftir mismunandi leiðum. Á höfuðborgarsvæðinu og í fleiri sveitarfélögum geta íbúar og fyrirtæki t.d. komið með úrgang á endurvinnslustöðvar, þar sem gera verður ráð fyrir þeim möguleika að innheimta gjald fyrir úrgang sem endar í urðun. Nauðsyn hlýtur að vera á reglugerð ásamt leiðbeiningum til rekstraraðila um framkvæmd skattheimtunnar til að skýrt sé hvernig að henni beri að standa. Slík skattheimta mun hafa áhrif á starfsemi stöðvanna og væntanlega hægja á þjónustu þeirra og þannig auka kostnað allra sem nýta þjónustuna, óháð því hvort efnið fer til urðunar eða ekki. Það hlýtur að vera krafa sveitarfélaga að gildistaka urðunarskatts frestist þar til framkvæmd liggur fyrir.

Á móttökustöðvar fyrir úrgang berst úrgangur eftir ýmsum leiðum, s.s. heimilisúrgangur og úrgangur sem einkaaðilar safna frá fyrirtækjum og heimilum. Varla kemur til álita að innheimtur verði urðunarskattur á staðnum, með staðgreiðslu fyrir hvern farm, heldur verði stærri rekstraraðilum og sveitarfélögum sendur reikningur fyrir urðunarskatti, t.d. mánaðarlega. Tryggt þarf að vera að innheimtuúrræði séu til staðar ef vanskil verða á slíkum greiðslum, t.d. með lögveði, svo rekstraraðilar urðunarstaða geti staðið skil á innheimtunni gagnvart ríkissjóði.

## Óbein áhrif lagasetningar

Sambandið hefur lagt áherslu á að auka þurfi samvinnu á milli ríkis og sveitarfélaga um málaflokkinn. Til þess að það markmið takist þarf að horfa á stóru myndina í úrgangsmálum, forgangsraða aðgerðum á grundvelli vandaðrar ábata- og kostnaðargreiningar og vinna síðan markvisst að framkvæmd aðgerða. Það frumvarp sem hér er komið fram er því miður enn eitt dæmið um skilningsleysi ríkisins á þeim áskorunum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir í málaflokknum.

Sveitarfélög eru að sjálfsögðu meðvituð um að kröfur um úrgangsméðhöndlun eru að breytast og að krafa ESB er um að draga verulega úr urðun, með sérstaka áherslu á lífrænan úrgang. Stefnt er að því að árið 2035 verði einungis 10% alls úrgangs urðaður. Til að koma þeim breytingum til framkvæmda fá aðildarríkin alllangan frest enda þurfa þau að finna nýja farvegi til úrgangsméðhöndlunar í stað urðunar. Sveitarfélög hér á landi standa illa að vígi í samanburði við ESB-löndin að a.m.k. þrennu leyti:

- Landið er strjálbýlt og flutningskostnaður úrgangs því hlutfallslega hár.
- Sveitarfélög fá engan stuðning frá ríki eða uppbyggingarsjóðum til að byggja upp innviði.
- Ekki hefur verið gerður samanburður á hagkvæmni orkuendurvinnslu í brennslustöðvum hér á landi annars vegar og útflutningi úrgangs til slíkrar vinnslu erlendis. Þar til slík greining liggur fyrir eru litlar líkur á því að ráðist verði í uppbyggingu slíkra innviða hér á landi.

Þar til viðbótar er rík tilhneiging af hálfu ríkisins til að túlka löggjöf ESB of strangt, sem eykur enn kostnað við úrgangsméðhöndlun.

Urðunarskattur getur vissulega virkað sem stjórnæki til að beina úrgangi í aðra farvegi en urðun, að því gefnu að slíkir farvegir séu til staðar. Því miður er raunin sú að innviðir eru ónógir og af þeim sökum hafa sveitarfélög á Suðurlandi t.d. ákveðið að flytja úrgang úr landi til förgunar. Með úrgangi sem sendur er úr landi þurfa að fylgja fjármunir, sem ekki nýtast þá til uppbyggingar í málaflokknum hér á landi. Að flytja út mikið magn úrgangs, sem mun að stærstum hluta lenda í brennslustöðvum, með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda, er verulega áhættusamt. Hér má nefna að Holland hefur bannað innflutning á úrgangi til brennslu auk þess sem þar hefur verið lagt til að leggja á innflutningsskatt á úrgang til brennslu. Sú umræða er einnig í fleiri löndum. Fjármunir frá Íslandi verða þá nýttir til uppbyggingar brennslustöðva erlendis ásamt því að greiða til samneyslu í því samfélagi sem tekur við úrganginum. Að auki er sú þróun þvert gegn þeirri meginreglu umhverfisréttar að leysa skuli mengunarmál ens nálægt upprunastað og kostur er.

Líklegt er að ef frumvarpið verður að lögum muni það ýta undir fyrrgreinda þróun. Um leið mun frumvarpið líklega kippa fótunum undan þeim urðunarstöðum sem þó hafa verið byggðir upp á undanförunum árum með ærnum kostnaði. Vert er að minna á að bygging nýrra innviða til úrgangsméðhöndlunar tekur jafnan mörg ár.

Óbein áhrif lagasetningarinnar gætu þannig orðið mikil og aðlögunarfrestur er enginn að þeim breytingum. Eðlilegt er að spyrja hvort ráðuneytin hafi ekkert velt fyrir sér hagsmunum skattgreiðenda í þessu samhengi. Að áliti sambandsins eru



ráðuneytin sem að frumvarpinu standa komin langt fram úr sér með því að leggja til lagabreytingar á haustþingi.

#### Lokaorð

Sambandið fer með vísan til framangreinds fram á að Alþingi fari á mjög gagnrýninn hátt yfir þær frumvarpsgreinar sem fjalla um urðunarskatt. Kallaðir verði til sérfræðingar til að leggja mat á hvort sú skattframkvæmd sem lögð er til í frumvarpinu sé framkvæmanleg og einnig hvort skatturinn sé líklegur til að stuðla að þeim markmiðum sem honum er ætlað. Sérstök ástæða er til þess að efnahags- og viðskiptanefnd kalli eftir áliti umhverfis- og samgöngunefndar hvað þetta varðar.

Sambandið mótmælir því harðlega að urðunarskattur verði lögfestur sem hluti af hinn mjög svo gölluðu löggjöf um umhverfis- og auðlindaskatta. Þau ráðuneyti sem hlut eiga að máli hljóta einfaldlega að þurfa að setjast að nýju við teikniborðið og semja nýtt frumvarp um urðunarskatt þar sem sett eru fram skýr markmið um hvernig slík skattheimta geti mögulega stuðlað að yfirlýstu markmiði um að gera úrgangsmeðhöndlun umhverfisvænni. Jafnhliða þyrfti að gera tillögur um aðrar leiðir til að bæta úrgangsmeðhöndlun, s.s. bann við urðun úrgangstegunda sem henta til endurnotkunar og endurvinnslu. Þá þyrfti að gera ráð fyrir hæfilegum aðlögunartíma áður en slík löggjöf tæki gildi.

Í slíkri frumvarpsvinnu, sem fara ætti fram í tengslum við mótun stefnu í úrgangsmálum, þarf að sjálfsögðu að vinna vandaða kostnaðar- og ábatagreiningu þar sem lögð verði sérstök áhersla á að meta möguleg jákvæð áhrif lagasetningarinnar gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum á sviði loftslagsmála. Án slíkrar ábatagreiningar verður aldrei sátt um aðferðir. Jafnframt þarf að veita hæfilegan aðlögunartíma að slíkri skattlagningu. Sambandið lýsir sig reiðubúið til þátttöku í slíkri vinnu en hafnar algerlega því frumvarpi sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Samrit: Fjárlaganefnd og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis





# Rekstraráætlun 2020-2024



**Samþykkt á stjórnarfundum SORPU bs. þann 1. nóvember 2019**





## EFNISYFIRLIT.

Greinargerð.....	5
Rekstrarreikningur.....	17
Efnahagsreikningur.....	18
Skuldir og eigið fé.....	19
Sjóðsstreymi.....	20
- Endurvinnslustöðvar.....	31
- Tekjur Endurvinnslustöðva.....	32
- Grenndargámar.....	32






## Greinargerð rekstraráætlunar

Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2020 – 2024 samþykkt á stjórnarfundum þann 1.11.2019. Magn sem berst endurvinnslustöðvunum hefur aukist verulega síðustu ár og misseri. Rekstur endurvinnslustöðvanna er beintengdur magni sem berst og lítt á færi SORPU að hafa áhrif á magnið. Reynt hefur verið að hafa áhrif á samsetninguna þ.e.a.s. reynt að hafa áhrif á íbúa þ.a. þeir flokki úrganginn í ódýrari flokka. Það gengur hins vegar hægt. Erfitt er fyrir starfsmenn, sem sinna mörgum skyldum að fylgjast með og hafa áhrif á íbúa. Til þess eru starfsmenn einfaldlega of fáir. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá þróun magns sem kemur gegnum endurvinnslustöðvarnar, en þar sést að ef fer fram sem horfir verður magnaukningin frá árinu 2010 um 92%<sup>1</sup>. Um 90% af kostnaði endurvinnslustöðvanna samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- Launakostnaður
- Eyðingargjöld
- Flutningur
- Gámaleiga

Launakostnaður er um 30% en aðrir liðir tilteknir að ofan eru um 60%. Um 10% er síðan allur annar kostnaður við rekstur stöðvanna þ.e.a.s. ræsting, rafmagn, hiti, vatn, viðhald, umsjón osfrv. Síðari liðirnir (eyðingargjöld, flutningur og gámaleiga) eru beintengdir magni sem berst stöðvunum þ.e.a.s. eitthvað sem SORPA ræður lítt við og ræðst af aðstæðum í samfélaginu sem SORPA hefur enga stjórn á. Reynt hefur verið að bregðast við með því að leiðbeina íbúum um hvernig er hægt að flokka og þar með koma úrgangi í ódýrari meðhöndlun, en slíkt tekur tíma en er þó farið að skila árangri. Launakostnaður ákvarðast af kjarasamningum, starfsmati og vinnufyrirkomulagi og var m.a. opnunartíma breytt árið 2016 í hagræðingarskyni. Því miður er magnaukning þá mikil að hagræðingin sést ekki í niðurstöðutölum – þó má fullyrða að útgjöld sveitarfélaganna hefðu orðið enn hærri ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða. Brýnt er að sveitarfélögin setjist niður og endurskoði fyrirkomulag endurvinnslustöðvanna, fjölda þeirra og staðsetningu. Sýnt hefur verið fram á að fækkun og stækkun stöðva er eina raunhæfa leiðin til að ná niður kostnaði, sá sparnaður getur legið á bilinu 75-95 milljónir á ári.



<sup>1</sup> Miðað við 7 mánaða tölur 2019

## FORSENDUR

Á eigendafundi þann 2. september 2019 voru settar fram meginforsendur fyrir rekstraráætlun SORPU, s.s um ytri forsendur og gjaldskrárbreytingar. Notaðar eru sömu forsendur og fyrir breyttri áætlun ársins 2019 hvað varðar lántökur, framlag eigenda og framlag frá rekstri til byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2020 eru eftirfarandi:

- Vísitala byggingarkostnaðar (neysluvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar
- Vísitala einkaneyslu (spá um magn á endurvinnslustöðvum)


Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. S.k. SORPU-vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka taka breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum eigenda (SSH) er birt spá um vísitölu neysluverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2020 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2019 skv. útkomuspá byggt á 7 mánaða tölum. Þetta á þó ekki við um magn sem berst endurvinnslustöðvunum en í ljós hefur komið að sama nálgun getur ekki átt við á endurvinnslustöðvunum. Í stað þess er magn sem berst endurvinnslustöðvunum áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2019. Rétt er að hafa í huga að samsetning úrgangsins sem berst endurvinnslustöðvunum hefur ekki síður áhrif á kostnað stöðvanna. Samsetning úrgangs hefur breyst undanfarin misseri, sjá má árangur af vinnu og verkefnum eins og átaksverkefninu „ ekki laumupokast“ þar sem markmiðið er að auka flokkun. Dæmi um þetta er að magn blandaðs úrgangs (pressugámur/ almennur heimilísúrgangur) minnkar um 0,6 %, magn úrgangs inn á endurvinnslustöðvarnar jókst á sama tíma um 8,4% (árið 2018). Hins vegar hefur ekki nást sami árangur í grófum úrgangi. Samskonar þróun er að sjá fyrrihluta árs 2019 þó árangurinn sé eitthvað minni. Fjöldi þjálfara starfsmanna er lykilatriði svo ná megi frekari árangri á þessu sviði.

Miðað við þróun úrgangs á endurvinnslustöðvunum til júliloka 2019 má gera ráð fyrir að heildarmagn úrgangs á endurvinnslustöðvunum árið 2019 verði tæp 57.000 tonn. Áætlaða þróun magns á endurvinnslustöðvunum næstu ár, byggða á vísitölu einkaneyslu má sjá í næstu töflu:


### Áætlaðar magnbreytingar á endurvinnslustöðvunum:

	2019 <sup>2</sup>	2020	2021	2022	2023	2024
Vísitala einkaneyslu, vísitala=100 árið 2005	127,2	130,7	134,7	138,4	142,0	145,6
Magnvísitala, vísitala=100 árið 2005	146,0	150,3	156,5	162,2	167,6	172,8
Tilsvarandi mótttekið magn, tonn/ári	56.710	58.232	60.627	62.866	64.956	66.947

<sup>2</sup> Miðast við 7 mánaða magntölur



Heimsóknum á endurvinnslustöðvunum hefur fjölgað verulega síðustu misseri og ár. Heildarfrjöldi heimsókna árið 2018 voru 956.454 en voru 676.784 árið 2010 þ.e. hefur fjölgað um tæplega 280 þúsund á tímabilinu eða um 41%. Á sama tíma hefur ársverkum á endurvinnslustöðvunum fjölgað um tæp 11%. Myndin hér til vinstri sýnir afköst/álag á starfsmenn, annars vegar magn per ársverk og hins vegar heimsóknir per ársverk.



**Mynd 1.** Samband vísitölu einkaneyslu og magns á endurvinnslustöðvum – báðar vísitölur settar 100 árið 2005.

### Önnur atriði

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2019. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olíu og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Að auki hafa ákvarðanir Úrvinnslusjóðs áhrif á tekjur og/eða útgjöld af ákveðnum endurvinnsluefnum. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þessum þáttum heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að kippur komi í sölu á metani árið 2020 þegar ný gasgerðarstöð tekur til starfa og salan verði 15% meiri en útkomuspá fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir.

Áætlun 2021 – 2024 er gerð á föstu verðlagi ársins 2020.





## FJÁRFESTINGAR

### Álfsnes


Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi hófst seinni hluta árs 2018 og er verkið á áætlun. Verktaki við verkið gerir ráð fyrir að skila verksmiðjunni fullkláraðri um miðjan febrúar 2020. Þá á skv. samningi Aikan/Solum að keyra verksmiðjuna í 3 mánuði og sjá til þess að allt virki eins og á að gera. Vegna tafa við fjármögnun tækjabúnaðar í móttökustöð er útlit fyrir að ekki verði hægt að taka stöðina í notkun fyrr en í apríl/maí 2020. Komið hefur í ljós að endanlegur kostnaður verður nokkuð hærri en áætlanir stóðu til um og hefur fjárfestingaráætlun og fjármögnunaráætlun verið breytt í kjölfarið. Áætlun 2020 endurspeglar þessar breytingar.

Árin 2020 og 2021 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi metanhreinsistöð í Álfsnesi og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi. Er það framhald á verkefni sem verið hefur í gangi árin 2013 - 2018.

Nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir urðun í Álfsnesi á árinu 2019 og gildir það til loka árs 2020. Hvað tekur við er óvíst en gert er ráð fyrir í áætlun að eigendur þurfi að leggja til fjármagn fyrir nýjan urðunarstað.

Skv. svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem allir eigendur SORPU bs. hafa samþykkt og í samræmi við eigendasamkomulag frá 2013 er gert ráð fyrir undirbúningi að byggingu brennslustöðvar einhver staðar á svæði SORPU bs. / Kölku sf. á næstu árum. Viðræður hafa staðið yfir milli SORPU bs. og Kölku um sameiningu undanfarin misseri og er málið nú á hendi eigenda fyrirtækjanna. Gert hefur verið ráð fyrir að sameining yrði á þeim grunni að ekki kæmi til fjárútláta SORPU að öðru leiti en fælist í sjálfri sameiningunni. Hins vegar er ljóst að ef standa á við yfirlýsingar sveitarfélaganna um að hætta urðun á lífrænum og brennanlegum úrgangi og yfirvofandi reglna frá EU um frekari samdrátt í urðun úrgangs, að slíkum markmiðum verður ekki náð nema með byggingu brennslustöðvar. Brennslustöð er fjárfrekt verkefni sem krefst langs undurbúnings og því nauðsynlegt að hefja slíkan undirbúning sem fyrst. Nauðsynlegt er jafnframt að kanna til hlýtar þann möguleika að auka samstarf/samvinnu sorpsamlaganna í ljósi mögulegra samlegðaráhrifa.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á hreyfanlegum/færanlegum vinnutækjum. Gert ráð fyrir að flutningur á þeirri starfsemi sem tilheyrir Gými (sláturúrgangur) hefjist um leið og framkvæmdum við gas- og jarðgerðarstöð líkur.



### Gufunes

Magn- og umferðaraukning hefur verið veruleg í Gufunesi undanfari ár. Árið 2019 hefur þó orðið samdráttur sem má annars vegar rekja til þess að Sorpstöð suðurlands bs. kemur ekki lengur með úrgang til SORPU og síðan hafa umsvif í samfélaginu dregist saman. Hins vegar hafa sífellt komið fram frekari kröfur um aukna flokkun en hver nýr flokkur krefst rýmis og umstangs. Kvörtunum vegna biðraða og biðtíma fer stöðugt fjölgandi. Stöðin var tekin í notkun árið 1991 og hefur þjónað þörfum SORPU vel. Í ljósi þessa var hafist handa við stækkun stöðvarinnar á miðju ári 2019 og er gert ráð fyrir að byggingin verði tilbúin í febrúar 2020 og falli því að þeirri tímasetningu sem gas- og jarðgerðarstöðin verður tilbúin (sjá þó fyrri umfjöllun um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar).

Til forvinnslu úrgangs áður en hann fer í gas- og jarðgerðarstöðina þarf tækjabúnað eins og áður hefur komið fram. Í ljós kom að ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum búnaði í fjárfestingaráætlun 2019. Í ljósi þessa var fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun breytt og er búið að tryggja fjármögnun. Því er nú þegar fyrir séð að tækjabúnaður verður ekki tilbúinn í móttökustöðinni fyrr en í apríl/maí 2020. Það lítur því út fyrir að ekki verði hægt að keyra upp gas- og jarðgerðarstöðina fyrr en þá. Verið er að skoða möguleika á byrjunarfasa sem yrði minni í sniðum en til stóð en þeirri skoðun er ekki lokið. Sá búnaður sem um ræðir í móttökustöð er búnaður eins og pokaopnara, kurlara, vindskiljur, málmskiljur, færíbönd osfrv. ásamt tilheyrandi búnaði.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er m.a. nauðsynleg viðhaldsverkefni s.s. endurnýjun öxla í tvo brjóta/hakkara, endurnýjun sílóbanda/klifurbönd fyrir eina pressu, endurnýjun innvigtar og endurnýjun á hreyfanlegum vinnutækjum eins og kom fram í forsendum rekstraáælnar. Enn verður frestað aðstöðu fyrir lestun pappírsgáma.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvu- og bókhaldskerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára. Gert er ráð fyrir uppfærslu á bókhaldskerfi SORPU árið 2023. Sú fjárfesting áætlast 50 milljónir. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir 5 milljónum í endurbætur á húsnæði skrifstofunnar að Gylfaflöt m.a. vegna lélegrar loftræstingar og kvartana starfsfólks yfir vinnuumhverfi.

### **Endurvinnslustöðvar**

Áætlanir um fjárfestingar endurvinnslustöðvanna eru ennþá mjög óljósar. Mjög brýnt er að fundin verði lausn fyrir Dalveg þar sem aðstaðan var skorin verulega niður fyrir nokkrum misserum. Garðabæ og Kópavogsbæ voru send erindi fyrir á árinu um mögulega staðsetningu endurvinnslustöðvar á bæjarmörkum þessara bæjarfélaga en svör hafa ekki borist.

Stöðin í Jafnaseli er að verða of lítil og nauðsynlegt að skoða stækkunarmöguleika eða færslu stöðvarinnar. Íbúðabyggð við Ánanaust færir nær og nær stöðinni og þegar byrjaðar kvartanir vegna umferðar og hávaða. Er ekki ólíklegt að hentugt sé að flytja stöðina til, eða kosta til hljóðvarna við stöðina. Stöðin á Sævarhöfða á að víkja skv. aðalskipulagi Reykjavíkur og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi við Lambhagaveg í staðinn. Skoða þarf staðsetningar og röð framkvæmda með það í huga að flutningur stöðvarinnar á Sævarhöfða valdi ekki öngþveiti í Jafnaseli eða á þegar yfirfulla stöð á Dalvegi. Lagt er til að röð framkvæmda verði sem hér segir:

- 2020 – 2021: Stöðin á Jafnaseli stækkuð og aðstaða bætt
- 2021 – 2022: Stöðin á Sævarhöfða verði flutt á Lambhagaveg
- 2022: Stöðin í Mosfellsbæ lokað um leið og stöðin á Lambhagavegi verður opnuð
- 2022 – 2023: Ný stöð byggð í stað stöðvarinnar á Dalvegi

Frá árinu 2010 hefur úrgangur í gegnum endurvinnslustöðvarnar aukist um rúmlega 90%. Umferð hefur jafnframt aukist verulega og er orðið mjög erfitt um vik á sumum endurvinnslustöðvunum. Ástandið er verst á stöðinni á Dalvegi og er brýnt að sveitarfélögin setjist niður og skipuleggi kerfi endurvinnslustöðvanna í sameiningu þ.a. þjónusta þeirra sé svipuð hvað varðar aðgengi, opnunartíma, viðmót osfrv. Einnig er nauðsynlegt að horfa til öryggis starfsmanna og viðskiptavina (íbúa) og tryggja að stöðvarnar séu þannig hannaðar og útbúnar að slyshætta sé lágörkuð eins og kostur er.

Á þessu stigi er mjög óljóst um kostnað við breytingar/stækkun á stöðinni í Jafnaseli. Nokkrar útgáfur hafa verið skoðaðar og gerð frumhönnun og liggur áætlaður kostnaður á bilinu 690 – 1.150 milljónir króna (+/- 25%). Mismunandi útfærslur byggja á mismunandi stækkun (heildarstærð 8.300 – 10.000 m<sup>2</sup>) og mismunandi starfsemi og þurfa eigendur að ákveða hvaða þjónusta á að vera í boði. Í áætlun er að þessu sinni gert ráð fyrir 800 milljónum sem falli til á árunum 2020 og 2021 vegna stækkunar/breytinga á endurvinnslustöðinni í Jafnaseli.

Gert er ráð fyrir að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða víki vegna nýrra skipulagsáætlana í Reykjavík og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins á árunum 2021 - 2022. Gert er ráð fyrir að kostnaður við uppbyggingu á Lambhaga verði svipaður og í Jafnaseli (800 milljónir króna) og falli til á þessum árum (2021 – 2022).

**Samþykkt rekstraráætlunar felur ekki í sér ákvörðun um verkefni nýfjárfestinga á endurvinnslustöðvunum eða fjármögnun þeirra, heldur verður fjármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun er tekin.**



## REKSTUR

### Tekjur

Árin 2019 og 2020 er gert ráð fyrir svipaðri sölu á metani en hún taki kipp um leið og gasgerðarstöðin hefur starfsemi – eftir 2020 verði söluaukning 12% á ári. Magnaukning úrgangs árin 2020 – 2023 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári og er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við aukið magn.

### Gjöld

#### Almennt

Laun taka breytingum skv. kjarasamningum þar sem slíkt er þekkt en annars skv. forsendum Reykjavíkurborgar um þróun launavísitölu. Gert er ráð fyrir að breytingar á verktakasamningum séu í samræmi við áætlaðar gjaldskrárbreytingar, en hvert tilfelli skoðað fyrir sig. Almennur rekstrarkostnaður taki breytingum skv. neysluvísitölu.

SORPA hefur verið í samstarfsverkefni við Lífdísil ehf. um móttöku og vinnslu á sláturúrgangi í nokkur ár, – efni sem farið hafði að stærstum hluta í Gými (móttaka sláturúrgangs). Verkefnið hefur gengið hægt og hefur áætluðum nafnafköstum ekki verið náð. Bilanir og skemmdir sem hafa orðið á búnaði vegna aðskotahluta í úrganginum sem erfitt hefur verið að koma í veg fyrir. SORPA yfirtók rekstur Lífdísil ehf. í Álfsnesi á árinu 2018 og hófst þegar handa við uppfærslu búnaðar. Gerður var nýr samningur við Lífdísil (sem byggir á upphaflegum samningi aðila). Í breyttu fyrirkomulagi sér SORPA um forvinnslu en Lífdísill sér um framleiðslu á eldsneyti.

Gert er ráð fyrir átaki í endurmenntun starfsmanna svipað og gert var fyrir nokkrum árum. Gert er ráð fyrir að starfsmenn sem náð hafa tveggja ára starfsreynslu og ekki fóru í endurmenntunarferð til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur fyrir 2 árum fari í slíka ferð á árinu 2020. Um er að ræða ca. 20 starfsmenn í öllu fyrirtækinu.





## Endurvinnslustöðvar / grenndargámar

Umferð og magn um endurvinnslustöðvarnar hefur aukist verulega síðustu ár. Á síðustu 7 árum hefur rekstur endurvinnslustöðvanna tvöfaldast en á sama tíma hefur innheimta í hliði nánast þrefaldast. Aukin innheimta í hliði ætti að hafa magnminnkandi áhrif en erfitt er að sýna fram á slíkt með tölum. Gert er ráð fyrir að nýtt afgreiðslukerfi verði tekið í notkun á endurvinnslustöðvunum fyrir n.k. áramót og er áætlað að notendavænt kerfi auki innheimtu í hliði enn frekar. Brýnt er að eigendur og SORPA setjist yfir það fyrirkomulag sem gildir um endurvinnslustöðvarnar og skoðað sé hvort annað fyrirkomulag henti betur og sé til þess fallið að lækka kostnað.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvanna standast á. Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna m.a. af sölu inneignarkorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Fyrsti áfangi að nýju kerfi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða var tekið upp á miðju ári 2014 þegar móttökuskemma fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir var tekin í notkun á Breiðhelli í Hafnarfirði. Slík móttaka var einnig tekin í notkun í Ánanaustum á fyrri hluta árs 2015. Eftir að þessi nýja móttaka var tekin upp hefur fjöldi eininga aukist og hafa tekjur vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða aukist lítillega. Endurvinnslan hf. greiðir endurvinnslustöðvunum leigu fyrir skemmurnar í Ánanaustum og Breiðhelli. Tækjabúnaður sem notaður hefur verið í Ánanaustum fyrir þessa móttöku var endurnýjaður og um leið tvöfaldaður árið 2018 og það sama var gert á Breiðhelli 2019. Það er Endurvinnslan sem stendur straum af kostnaði við breytingarnar.

Mismun á tekjum og gjöldum endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig s.k. grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið var boðið út á árinu 2015 og tók nýr verktaki við verkefninu á árinu 2016. Verkefnið er vel skilgreint og ekki áætlað að kostnaður við verkefnið aukist umfram verðlag, nema þá sveitarfélögin óski eftir frekari þjónustu. Kostnaður við verkefnið skiptist mismunandi milli sveitarfélaganna en hvert sveitarfélag greiðir fyrir þessa þjónustu í samræmi við notkun (þ.e.a.s. fjölda gáma).

Gert er ráð fyrir sama mannafla og áður. Gert er ráð fyrir námsferðum nokkurra starfsmanna erlendis á árinu en það verkefni er framhald verkefnis frá fyrri árum. Gert er ráð fyrir 2 milljónum í þennan hluta.

Til hagræðingar í rekstri endurvinnslustöðva var fyrirkomulagi við móttöku blandaðs úrgangs á endurvinnslustöðvunum breytt um áramótin 2015/2016. Bannað var að henda pappír og textíl í „pressanlegan“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Jafnframt var ekki lengur leyfilegt að koma með úrgang í ógegnsæjum pokum sem ætlaður er í „pressanlegan“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Ekki hefur tekist að sinna þessu verkefni nægjanlega vel, en þar sem það hefur verið í framkvæmd má sjá árangur. Áfram verður unnið að þessu verkefni en ef þetta verkefni á að skila tilætluðum árangri þarf að tryggja mönnun þess. Rétt er einnig að hafa í huga að íbúar bregðast mjög misjafnlega við leiðbeiningum starfsmanna.

Nokkur áriðandi viðhaldsverkefni sem þarf að fara í á árinu 2020:

- Starfsmannahús á endurvinnslustöðinni í Mosfellsbæ er ónýtt og ekki starfsmönnum bjóðandi. Gert er ráð fyrir að skipta út starfsmannahúsi og leigja færanlegt hús til þess tíma er stöðinni verður lokað með tilkomu stöðvar á Lambhagavegi.
- Starfsmannahús á endurvinnslustöðinni á Dalvegi er illa farið og nauðsynlegt að gera þar bragarbót. Gert er ráð fyrir sömu laun og í Mosfellsbæ en þetta verkefni bíði til ársins 2021. Bæta þarf vegrið, hlið, girðingar og setja upp ný skilti.

- Starfsmannahús í Ánanaustum er illa farið af seltu og sjávarálagi og þarfnast viðhalds. Setja þarf upp nýja járnbrú milli rampa.
- Samningur við verktaka um gámaleigu og flutning renna út um áramótin 2020/2021 og er gert ráð fyrir undibúningi og útboði á árinu 2020.

Ofangreindum verkefnum hefur verið fundinn staður í framsettri áætlun.

Áætlun um greiðslur sveitarfélaganna fyrir árið sem er að líða (2019) virðist ganga upp (áætlun gerði ráð fyrir rúmlega 1.022 milljónum en útkomuspá gerir ráð fyrir 984 milljónum eða 3,7 % frávik). Breyting milli áætlana 2019 og 2020 er áætluð 3,2% sem skýrist af breytingum á vísitölum milli áætlana. Rétt er þó að hafa í huga að ekki hefur verið samið við stéttarfélög starfsmanna á endurvinnslustöðvunum.

### Álfsnes

Gerð reinar 20 var boðin út árið 2016 og klárast verkið á haustdögum 2017. Urðun í reinina hófst fyrri hluta árs 2018. Gert hefur verið ráð fyrir að rein 20 endist út árið 2020 en vegna mikillar aukningar úrgangs, bæði sem fer í urðun (en einnig sem fer til endurvinnslu), voru uppi efasemdir hvort reinin endist svo lengi. Nýjustu útreikningar benda til þess að reinin geti jafnvel dugað fram á mitt ár 2023. Verkefnið er skilgreint sem fyrirframgreiddur kostnaður og er gjaldfært í takt við notkun reinarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á mannafla í Álfsnesi- með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar mun mannaflí flytjast úr urðun og gashreinsun yfir í gas- og jarðgerðarstöðina. Þó er gert ráð fyrir starfi vaktmanns í 50% starfi sem jafnframt mun geta sinnt snjómokstri og hálkueyðingu. Sífelld meira er um mannaferðir á svæðinu og nauðsynlegt að sjá til þess að eignum SORPU sé ekki ógnað.

### Gufunes - móttökustöð

Á tímabilinu 2020 – 2024 verður fyrirkomulagi við þjónustu í Gufunesi og Álfsnesi breytt í samræmi við breytt verklag þegar ný gas- og jarðgerðarstöð tekur til starfa. Ekki er gert ráð fyrir að slíkar breytingar hafi áhrif á heildar rekstrarkostnað. Þjónusta í móttökustöð mun hins vegar óhjákvæmilega breytast í takt við breytt verklag. Helstu viðhaldsverkefni í og við móttökustöð er malbikun við móttökustöðina og málun á núverandi húsi til samræmis við stækkun stöðvarinnar. Mannaflapörf er í stöðugri endurskoðun og fer eftir álagi og umsvifum starfseminnar á hverjum tíma.

### SKULDSETNING OG KRÖFUR UM AFKOMU

Í samræmi við reglur sem settar eru í sveitarstjórnarlögum, viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og samþykktari áhættustefnu SORPU, má í töflu hér fyrir neðan sjá þau hlutföll sem miða er við um skuldsetningu og afkomu (jafnvægisregla er reiknuð í milljónum) og hvernig áætlunin uppfyllir þessi viðmið.

Liður	Útkomuspá	Áætlunarár					Viðmið
		2019	2020	2021	2022	2023	
Framlegð/tekjur	12,2%	19,5%	21,9%	21,8%	21,9%	23,3%	> 15%
Veltufé frá rekstri/tekjur	11,2%	16,2%	18,9%	19,2%	19,8%	21,6%	> 7,5%
Heildarskuldir/reglulegar tekjur	99,5%	97,1%	101,3%	103,0%	101,1%	93,1%	< 150%
Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár)	766	1.034	843	1.011	1.128	1.297	jákvætt

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun er öllum skilyrðum uppfyllt nema er varðar framlegð/tekjum í útkomuspá árið 2019. Rétt er þó að horfa til allra þátt þegar staðan er metin.

## ÁHÆTTUMAT

Mikilvægasta atriði í áhættumati á rekstrar- og/eða fjárfestingaáætlunum er að meta áhættur og gera viðeigandi ráðstafanir. SORPA hefur komið sér upp áhættumatsferli með hliðsjón af ISO31000 áhættumatsstaðlinum og er hann skjalaður í rekstrarhandbók.

Helstu áhættuþættir er kemur að áætlunargerð SORPU má skipta í þrennt: tengt *verkefnum* (s.s. nýnæmi lausnar eða afskriftartíma), tengt *markaðsaðstæðum* (svo sem verðbólgu eða vaxtastigi) og tengt *alþjóðlegum aðstæðum* (s.s. stjórnámálum, gengi gjaldmiðla eða verð á mörkuðum t.d. olíu og endurvinnsluefna). Einnig má bæta við áhættu sem stafar af *skipulagi fyrirtækisins sjálfs* (hér m.a. að SORPA er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga) ásamt áhættu tengdri viðkomandi *geira* (hér úrgangsstjórnun með ráðandi stöðu í förgun úrgangs). Gerð er grein fyrir matinu í vinnuskjali stjórnar.

Nota má ýmsar aðferðir við að meta umfang (upphæðir) áhættu í áætlunargerð, svo sem næmnigreiningu, sviðsmyndagerð, núllpunktsgreiningu og hermun. Hér er gerð grein fyrir fjórum sviðsmyndum, en unnið er að hermunarlíkani fyrir rekstraráætlun og fjárfestingaáætlun SORPU sem nýtist til framtíðar.

Við sviðsmyndagerð á niðurstöðu rekstraráætlunar voru eftirfarandi áhættuþættir skoðaðir:

Tekjur verði minni en áætlað er og útgjöld verði meiri en áætlað er. Þessum þáttum er síðan skipt eftir því hvort þeir hafi bein áhrif á rekstur byggðasamlagsins (t.d. eru endurvinnslustöðvar og rekstur Góða hirðisins *gerð upp á núlli* miðað við SORPU bs., og *innri viðskipti* eru mjög mikil) eða ekki. Áhætta SORPU bs. er því verulega minni í fjárhæðum en heildarupphæð rekstraráætlunar gefur til kynna við fyrstu sýn.

Ástæður minni tekna geta verið af margvíslegum toga, t.d. minni umsvif í samfélaginu og þar með minni móttekin úrgangur sem þýðir minni tekjur. Samsetning úrgangsins hefur einnig áhrif á tekjur og eins áætlanir um sölu metans. Þessu til viðbótar er þróun verða á erlendum endurvinnslumarkaði, flutningskostnaður og endurgreiðslur Úrvinnslusjóðs. Áform stjórnvalda um urðunarskatt geta haft veruleg og ófyrirsjáanleg áhrif á tekjur samlagsins.

Aukin útgjöld geta komið til vegna bilana í tækjum, meira magns en áætlað er (sem þýðir líka hærri tekjur) eða breyttur kostnaður við meðhöndlun og förgun úrgangs. Vegna beinnar tengingar gjalda (svo sem verktakasamninga við urðun úrgangs) við tekjur (magn úrgangs til urðunar) er miðað við hlutfallslega framlegð, með og án fjármagnskostnaðar fyrir árið 2018.

Samantekt á þeim þáttum sem skoðaðir eru í áhættugreiningu eru sem hér segir:

VERKLIÐIR / ÞREP Í FERLI	NÚVERANDI FYRIRKOMULAG
Sviðsmynd - magn minnkar	hreyfa um annað hvort +/- 10% og/eða -14.000 tonn af böggum til urðunar
Sviðsmynd - laun hækka meira en gert er ráð fyrir í forsendum	hreyfa um +2*10% miðað við 5,5%
Sviðsmynd -urðunarskattur	7,5 kr/kg
Sviðsmynd - tap á brenni	frá vinnsluferli GAJA og litað timbur MTFs/Urðun á 3 kr/kg nettó
Sviðsmynd - Sala á metani sé 50% minni en áætlað er	frá vinnsluferli GAJA og haug
Sviðsmynd -gjaldskrárhækkun	gjaldskrá á úrgangi til urðunar hækkar um 10%
Sviðsmynd - verð fyrir endurvinnsluefni	endurvinnsluefni skila tekjutapi/- auka um 10%

Notuð var Monte-Carlo næmnigreining til að fá fram niðurstöðu áhættumats. Niðurstaða næmnigreiningar er að séu allir neikvæðir hlutir teknir inn sé áætlað frávík frá rekstrarniðurstöðu um 4,6% en vegið meðaltal frávíks í niðurstöðu rekstraráætlunar síðustu þrjú ár er 22,5%. Rétt er að hafa í huga að slík næmnigreining byggir á líkindadreifingu sem ekki gerir ráð fyrir að allir neikvæðir hlutir gerist í einu og af fullum þunga.



## Rekstrarreikningur áætlun 2020 - 2024

Rekstrartekjur	Ársreikningur 2018	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Þjónustutekjur .....	4.156.388.423	1.946.772.615	3.981.981.379	4.298.420.520	4.507.085.566	4.573.170.593	4.641.248.640	4.787.693.623
Laðrar tekjur .....	14.650.812	8.256.521	9.241.719	7.000.000				
	<u>4.171.039.235</u>	<u>1.955.029.136</u>	<u>3.991.223.098</u>	<u>4.305.420.520</u>	<u>4.507.085.566</u>	<u>4.573.170.593</u>	<u>4.641.248.640</u>	<u>4.787.693.623</u>
<b>Rekstrargjöld</b>								
Laun og tengd gjöld .....	1.147.272.130	604.661.068	1.215.484.395	1.273.872.804	1.311.452.052	1.346.205.531	1.374.475.847	1.402.652.602
Annar rekstrarkostnaður .....	2.284.388.988	1.192.257.239	2.288.524.502	2.191.140.420	2.210.860.683	2.230.758.429	2.250.835.255	2.271.092.773
Afskriftir .....	211.159.759	110.787.576	223.187.111	351.051.360	445.780.220	452.408.791	459.037.363	459.237.363
	<u>3.642.820.877</u>	<u>1.907.705.883</u>	<u>3.727.196.008</u>	<u>3.816.064.583</u>	<u>3.968.092.955</u>	<u>4.029.372.751</u>	<u>4.084.348.465</u>	<u>4.132.982.738</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	528.218.358	47.323.253	264.027.091	489.355.936	538.992.611	543.797.841	556.900.174	654.710.886
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>								
Vaxtatekjur, verðbætur og arður, gengismunur .....	29.275.050	929.110	12.000.000	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur og gengismunur .....	( 16.189.806)	( 26.552.055)	( 75.000.000)	( 200.447.244)	( 189.306.804)	( 173.992.634)	( 151.300.405)	( 135.856.066)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	851.393		1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	<u>13.936.637</u>	<u>( 25.622.945)</u>	<u>( 62.000.000)</u>	<u>( 199.447.244)</u>	<u>( 188.306.804)</u>	<u>( 172.992.634)</u>	<u>( 150.300.405)</u>	<u>( 134.856.066)</u>
<b>Hagnaður ársins .....</b>	<u>542.154.995</u>	<u>21.700.308</u>	<u>202.027.091</u>	<u>289.908.692</u>	<u>350.685.807</u>	<u>370.805.207</u>	<u>406.599.769</u>	<u>519.854.820</u>

## Efnahagsreikningur

## Eignir

	Ársreikningur 2018	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
<b>Fastafjármunir</b>								
Varanlegir rekstrarfjármunir:								
Gufunes móttökustöð .....	243.588.451	381.927.434	604.484.493	712.674.875	706.132.544	718.374.729	666.500.705	615.644.443
Álfsnes urðunarstöð/svæðisáætlun .....	1.816.997.337	3.363.499.365	5.105.904.072	5.281.942.571	5.446.246.828	5.936.566.570	6.355.802.520	6.474.820.708
Gufunes vélar og tæki .....	474.074.582	438.516.086	1.048.770.433	1.025.490.192	831.948.046	631.977.328	425.578.039	219.178.750
Endurvinnslustöðvar .....	424.964.824	416.821.603	409.140.562	783.854.120	1.549.567.678	1.907.781.236	2.048.994.794	1.972.708.352
	<u>2.959.625.194</u>	<u>4.600.764.488</u>	<u>7.168.299.560</u>	<u>7.803.961.758</u>	<u>8.533.895.096</u>	<u>9.194.699.863</u>	<u>9.496.876.058</u>	<u>9.282.352.253</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:								
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	25.658.341	25.658.341	26.658.341	27.658.341	28.658.341	29.658.341	30.658.341	31.658.341
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	150.772.866	75.386.433	0	0	0	0	0	0
Bundnar bankainnstæður .....	81.267.057	88.241.011	102.059.840	110.224.627	115.735.859	121.522.651	127.598.784	133.978.723
	<u>257.698.264</u>	<u>189.285.785</u>	<u>128.718.181</u>	<u>137.882.968</u>	<u>144.394.200</u>	<u>151.180.992</u>	<u>158.257.125</u>	<u>165.637.064</u>
<b>Fastafjármunir</b>	<u>3.217.323.458</u>	<u>4.790.050.273</u>	<u>7.297.017.741</u>	<u>7.941.844.726</u>	<u>8.678.289.296</u>	<u>9.345.880.855</u>	<u>9.655.133.183</u>	<u>9.447.989.317</u>
<b>Veltufjármunir</b>								
Skammtímakröfur:								
Víðskiptakröfur .....	217.894.298	222.127.174	259.185.420	233.604.430	271.210.734	275.137.047	279.158.042	350.031.796
Aðrar kröfur .....	26.943.686	105.053.191	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Kröfur á tengd félög .....	193.836.107	208.987.967	175.050.833	207.064.294	226.784.452	245.938.667	186.254.111	195.456.925
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	150.772.866	150.772.866	150.772.867	0	0	0	0	0
Handbært fé:								
Bankainnstæður .....	825.474.464	328.139.076	0	0	90.873.623	412.978.433	947.959.219	1.461.240.924
<b>Veltufjármunir</b>	<u>1.414.921.421</u>	<u>1.015.080.274</u>	<u>590.009.120</u>	<u>445.668.724</u>	<u>593.868.809</u>	<u>939.054.146</u>	<u>1.418.371.372</u>	<u>2.011.729.645</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>4.632.244.879</u>	<u>5.805.130.547</u>	<u>7.887.026.861</u>	<u>8.387.513.450</u>	<u>9.272.158.104</u>	<u>10.284.935.002</u>	<u>11.073.504.555</u>	<u>11.459.718.963</u>

## 31. desember ár hvert

## Skuldir og eigið fé

	Ársreikningur 2018	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
<b>Eigið fé</b>								
Stofnfé .....	686.962.569	686.962.569	886.962.569	886.962.569	1.036.962.569	1.536.962.569	1.936.962.569	2.036.962.569
Óráðstafað eigið fé .....	2.826.318.637	2.848.018.946	3.028.345.728	3.318.254.420	3.668.940.227	4.039.745.434	4.446.345.203	4.966.200.023
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>3.513.281.206</b>	<b>3.534.981.515</b>	<b>3.915.308.297</b>	<b>4.205.216.989</b>	<b>4.705.902.796</b>	<b>5.576.708.003</b>	<b>6.383.307.772</b>	<b>7.003.162.592</b>
<b>Langtímaskuldir</b>								
Skuldir við lánaðofnanir .....	188.378.961	832.327.731	2.541.241.858	2.688.585.896	3.206.827.637	3.326.932.606	3.185.083.944	2.905.728.240
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva .....	264.769.623	277.749.720	301.880.542	294.736.776	348.031.142	401.617.591	458.205.687	508.310.780
Skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað .....	84.135.636	90.947.831	102.664.005	121.143.526	142.949.361	168.680.245	199.042.690	234.870.374
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>537.284.220</b>	<b>1.201.025.282</b>	<b>2.945.786.405</b>	<b>3.104.466.198</b>	<b>3.697.808.140</b>	<b>3.897.230.442</b>	<b>3.842.332.321</b>	<b>3.648.909.394</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>								
Bankalán .....	0	0	152.843.136	211.983.778	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir .....	381.031.247	688.570.281	401.934.023	394.821.397	360.426.645	378.447.977	348.754.891	366.192.636
Ýmsar skammtímaskuldir .....	118.661.258	244.565.154	205.000.000	162.369.126	170.262.265	96.653.549	101.260.909	106.098.637
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	81.986.948	135.988.315	266.155.000	308.655.962	337.758.259	335.895.031	397.848.662	335.355.704
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>581.679.453</b>	<b>1.069.123.750</b>	<b>1.025.932.159</b>	<b>1.077.830.263</b>	<b>868.447.169</b>	<b>810.996.557</b>	<b>847.864.462</b>	<b>807.646.977</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>1.118.963.673</b>	<b>2.270.149.032</b>	<b>3.971.718.564</b>	<b>4.182.296.461</b>	<b>4.566.255.309</b>	<b>4.708.226.999</b>	<b>4.690.196.783</b>	<b>4.456.556.371</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>4.632.244.879</b>	<b>5.805.130.547</b>	<b>7.887.026.861</b>	<b>8.387.513.450</b>	<b>9.272.158.105</b>	<b>10.284.935.002</b>	<b>11.073.504.555</b>	<b>11.459.718.963</b>

## Sjóðstreymi 2018 - 2024

Handbært fé frá rekstri	Ársreikningur 2018	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Frá rekstri:								
Hagnaður af reglulegri starfsemi .....	542.154.995	21.700.308	202.027.091	289.908.692	350.685.807	370.805.207	406.599.769	519.854.820
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:								
Afskriftir .....	211.159.759	110.787.576	223.187.111	351.051.360	445.780.220	452.408.791	459.037.363	459.237.363
Sölu(hagnaður)/tap fastafármuna .....	341.125	( 75.575)						
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	( 851.393)	0	( 1.000.000)	( 1.000.000)	( 1.000.000)	( 1.000.000)	( 1.000.000)	( 1.000.000)
Verðb. og gengism. af eignum og skuldum .....	0	11.940.500	23.881.000	56.000.000	56.000.000	56.000.000	56.000.000	56.000.000
	<u>752.804.486</u>	<u>144.352.809</u>	<u>448.095.201</u>	<u>695.960.052</u>	<u>851.466.027</u>	<u>878.213.998</u>	<u>920.637.132</u>	<u>1.034.092.183</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:								
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) .....	91.193.570	( 22.107.808)	150.210.703	144.340.396	( 57.326.462)	( 23.080.528)	55.663.560	( 80.076.568)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .....	( 71.103.076)	433.442.933	107.241.518	( 49.743.500)	( 26.501.613)	( 55.587.384)	( 25.085.726)	22.275.473
	<u>20.090.494</u>	<u>411.335.125</u>	<u>257.452.221</u>	<u>94.596.896</u>	<u>( 83.828.074)</u>	<u>( 78.667.912)</u>	<u>30.577.835</u>	<u>( 57.801.095)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>772.894.980</b>	<b>555.687.934</b>	<b>705.547.422</b>	<b>790.556.948</b>	<b>767.637.952</b>	<b>799.546.086</b>	<b>951.214.967</b>	<b>976.291.087</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>								
Fjárfest í Gufunesi .....	( 180.953.155)	( 182.821.936)	( 10.000.000)	( 50.000.000)	( 75.000.000)	( 95.000.000)	( 45.000.000)	( 45.000.000)
Fjárfest í stækkun/flokkun .....			( 336.000.000)	( 84.000.000)				
Tækjabúnaður í móttökustöð.....			( 706.000.000)	( 84.000.000)				
Fjárfest í gasgerðarlausn / Gými.....	( 967.036.705)	( 1.578.159.838)	( 3.386.147.919)	( 239.000.000)	( 75.000.000)	( 10.000.000)	( 25.000.000)	( 25.000.000)
Fjárfest í gashreinsistöð og varabirgðum .....				( 50.000.000)	( 50.000.000)			
Fjárfest í brennslustöð / undirbúningur.....				( 15.000.000)	( 60.000.000)	( 150.000.000)	( 150.000.000)	( 150.000.000)
Fjárfest í Álfsnesi/svæðisáætlun/urðunarstaður.....			( 10.000.000)	( 90.000.000)	( 150.000.000)	( 500.000.000)	( 400.000.000)	( 100.000.000)
Fjárfest í Endurvinnslustöðvum.....	( 15.187.334)	0		( 400.000.000)	( 800.000.000)	( 400.000.000)	( 200.000.000)	
Söluverð fastafármuna.....	2.890.000	987.258						
Breyting langtímakrafna.....	0							
Breyting bundinna innstæðna.....	( 14.208.751)	( 5.601.637)	( 15.660.611)	( 18.479.521)				
Fjárfest í eignarhlutum.....	0							
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>( 1.174.495.945)</b>	<b>( 1.765.596.153)</b>	<b>( 4.463.808.530)</b>	<b>( 1.030.479.521)</b>	<b>( 1.210.000.000)</b>	<b>( 1.155.000.000)</b>	<b>( 820.000.000)</b>	<b>( 320.000.000)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>								
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða .....	14.406.320	5.439.878	15.660.611	18.479.521	0	0	0	0
Ný langtímalán vegna SORPU bs. ....	0	750.000.000	2.740.000.000	0	0	0	0	0
Ný langtímalán vegna endurvinnslustöðvanna .....				400.000.000	800.000.000	400.000.000	200.000.000	0
Greiddar afborganir langtímalána .....	( 92.606.666)	( 66.402.549)	( 226.850.051)	( 266.155.000)	( 308.655.962)	( 337.758.259)	( 335.895.031)	( 397.848.662)
Skammtíma bankalán .....			152.843.136	59.140.642	( 211.983.778)	0	0	0
Breyting á skuldbindingu v/endurvinnslustöðva .....	45.498.838	23.535.501	51.132.948	28.457.409	103.875.411	115.316.983	139.660.850	154.839.279
Stofnfjárukning vegna gasgerðarstöðvar/urðun .....	350.000.000		200.000.000		150.000.000	500.000.000	400.000.000	100.000.000
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>317.298.492</b>	<b>712.572.830</b>	<b>2.932.786.644</b>	<b>239.922.572</b>	<b>533.235.671</b>	<b>677.558.724</b>	<b>403.765.819</b>	<b>( 143.009.383)</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	<b>( 84.302.473)</b>	<b>( 497.335.389)</b>	<b>( 825.474.464)</b>	<b>( 1)</b>	<b>90.873.623</b>	<b>322.104.810</b>	<b>534.980.786</b>	<b>513.281.704</b>
Handbært fé í byrjun tímabils .....	909.776.937	825.474.464	825.474.464	0	( 0)	90.873.623	412.978.433	947.959.219
<b>Handbært fé í lok tímabils .....</b>	<b>825.474.464</b>	<b>328.139.075</b>	<b>0</b>	<b>(0)</b>	<b>90.873.623</b>	<b>412.978.433</b>	<b>947.959.219</b>	<b>1.461.240.924</b>



# **REKSTRARÁÆTLUN**

**2020**

**SUNDURLIÐANIR ENDURVINNSLUSTÖÐVA OG GRENNARGÁMA**



## SAMÞYKKT 01.11.2019

## Rekstráráætlun 2020

Sundurliðanir með áætlun - einstakar deildir

Deild 50 Endurvinnslustöðvar	Ársreikningur 2018	Áætlun 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>348.291</b>	<b>432.990</b>	<b>378.103</b>	<b>411.842</b>
Laun	276.189	352.100	293.522	331.088
Launatengd gjöld	72.102	80.890	84.581	80.754
<b>Annar starfsmannakostnaður</b>	<b>7.953</b>	<b>9.323</b>	<b>9.065</b>	<b>11.081</b>
Annar starfsmannakostnaður	7.953	9.323	9.065	11.081
<b>Rekstur, móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs</b>	<b>775.243</b>	<b>824.557</b>	<b>813.865</b>	<b>903.366</b>
Eyðingargjöld	449.577	461.113	472.982	522.567
Flutningar	265.291	293.250	278.724	308.549
Véla og gámaleiga	51.980	60.308	52.085	60.300
Innlend útboðsverk				
Rekstrarvörur	969	900	1.174	1.050
Landleiga og urðunargjald				
Innlend tæknaðstoð	5.317	5.000	5.000	7.000
Erlend tæknaðstoð				
Viðhald véla og tækja	1.933	3.500	3.500	3.500
Tryggingar véla og tækja				
Rannsóknarkostnaður og eftirlit	176	486	400	400
<b>Rekstur húsnæðis og lóðar</b>	<b>47.532</b>	<b>60.496</b>	<b>53.297</b>	<b>53.553</b>
Húsaleiga	-			
Rafmagn og hiti	5.122	4.995	4.346	4.500
Viðhald og rekstur húsnæðis	12.506	16.244	16.200	13.000
Viðhald lóðar	16.457	18.110	18.110	16.500
Fasteignagjöld og lóðarleiga	6.220	8.204	6.500	6.600
Snjómokstur / hálkueyðing	2.552	3.500	3.300	3.400
Hreinlætiskostnaður	4.675		4.841	
Annar húsnæðiskostnaður		9.443		9.553
Viðhald fasteigna og útivsvæðis				
Öryggisgæsla				
<b>Markaðs- og sölukostnaður</b>	<b>899</b>	<b>3.110</b>	<b>2.800</b>	<b>2.860</b>
Auglýsingar	778	2.750	2.500	2.500
Styrktarauglýsingar	121	110	100	110
Kynningarkostnaður/sölulaun		250	200	250
<b>Rekstur bifreiða og flutningatækja</b>	<b>5.480</b>	<b>5.047</b>	<b>5.519</b>	<b>5.450</b>
<b>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</b>	<b>54.917</b>	<b>58.483</b>	<b>61.284</b>	<b>65.520</b>
Viðhald skrifstofuáhalda	15	90	50	50
Aðk. akstur	427	831	500	500
Ritföng/prentun/bækur	950	1.639	1.000	1.300
Sími/burðargjöld	3.510	3.606	3.333	3.439
Ferða og fundakostnaður	37	495	475	850
Rekstur tölvubúnaðar	11.349	17.000	17.000	12.712
Aðkeypt þjónusta	35.652	32.848	36.243	43.734
Söluþap fastafjármuna				
Afskrifaðar tapaðar kröfur	7			
Annar kostnaður	2.970	1.974	2.683	2.935
Ófyrirséð				
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>892.024</b>	<b>961.016</b>	<b>945.830</b>	<b>1.041.830</b>
<b>Afskriftir</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>1.240.315</b>	<b>1.394.006</b>	<b>1.323.933</b>	<b>1.453.672</b>

SAMÞYKKT 01.11.2019

TEKJUR ENDURVINNSLUSTÖÐVA	ársreikningur 2018	Áætlun 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
Móttökugjöld- klippikort	128.418	194.824	153.177	195.000
Málmar	26.774	23.458	24.805	24.111
Endurvinnslan umboðslaun	61.892	68.267	69.518	79.390
Endurvinnslan húsaleiga	8.852	9.109	9.215	9.510
Úrvinnslusjóður / Efnamóttakan raftæki	45.297	45.172	53.567	58.978
Aðrar tekjur	12.372	12.097	10.683	10.683
Endurgreiðslur bylgjupappa	7.469	7.280	7.251	7.251
Útseld þjónusta	11.428	11.336	11.764	12.140
<b>Samtals eigin tekjur</b>	<b>302.502</b>	<b>371.543</b>	<b>339.980</b>	<b>397.063</b>
<b>Innheimt hjá sveitarfélögunum</b>	<b>937.813</b>	<b>1.022.463</b>	<b>983.953</b>	<b>1.056.609</b>
<b>Samtals</b>	<b>1.240.315</b>	<b>1.394.006</b>	<b>1.323.933</b>	<b>1.453.672</b>
Greiðslur einstakra sveitarfélaga				
Skipting árið 2019/2020				
Reykjavíkurborg	56,43%	532.004	578.175	596.220
Kópavogur	16,25%	151.614	165.517	171.647
Hafnarfjörður	12,98%	124.131	135.114	137.162
Garðabær	7,19%	66.184	72.851	75.951
Mosfellsbær	5,12%	44.552	49.810	54.093
Seltjarnarnes	2,04%	19.327	20.996	21.536
<b>100,00%</b>	<b>937.813</b>	<b>1.022.463</b>	<b>983.953</b>	<b>1.056.609</b>

Grenndargámakerfi SORPU og sveitarfélaganna

Deild 60 Grenndargámar	Ársreikningur 2018	Áætlun 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
<b>Tekjur vegna grenndargámakerfis</b>	<b>52.293</b>	<b>55.745</b>	<b>56.719</b>	<b>60.128</b>
Efnissala plasts	3.303	4.600	2.508	2.508
Greiðslur sveitarfélaga	48.990	51.145	54.211	57.620
<b>Gjöld vegna grenndargámakerfis</b>	<b>52.293</b>	<b>56.529</b>	<b>56.719</b>	<b>60.128</b>
Móttökugjöld	758	784	743	778
Flutningur	36.328	39.793	39.139	42.355
Gámaleiga	13.363	14.306	14.300	14.344
Annað (þrif, viðhald, þóknun osfrv.)	1.844	1.646	2.537	2.651
<b>ÁÆTLUÐ SKIPTING KOSTNAÐAR MILLI SVEITARFÉLAGANNA VEGNA GRENNDARGÁMAKERFIS</b>	<b>48.990</b>	<b>51.145</b>	<b>54.211</b>	<b>57.621</b>
Reykjavíkurborg	37.118	38.249	41.073	43.657
Kópavogur	2.787	3.706	3.085	3.279
Hafnarfjörður	4.750	5.430	5.255	5.587
Garðabær	2.171	1.888	2.403	2.554
Mosfellsbær	962	859	1.065	1.131
Seltjarnarnesbær	1.202	1.013	1.330	1.413

Áætlaður kostnaður sveitarfélaganna vegna endurvinnslustöðva og grenndargámakerfis

Reykjavíkurborg	569.122	616.424	596.294	639.877
Kópavogur	154.401	169.223	165.099	174.926
Hafnarfjörður	128.881	140.544	130.815	142.749
Garðabær	68.355	74.739	73.131	78.505
Mosfellsbær	45.514	50.669	51.439	55.224
Seltjarnarnesbær	20.529	22.009	21.385	22.949
<b>SAMTALS GREIÐSLUR SVEITARFÉLAGA</b>	<b>986.803</b>	<b>1.073.608</b>	<b>1.038.164</b>	<b>1.114.230</b>